

Námsefnið

Í námsefninu eru kennd grunnatriði kristinnar trúar á auðskilinn hátt sem höfðar til unglinga. Við fjöllum einnig um sorg, gleði, sjálfsmýnd, þakklæti, fyrirgefningu, sköpun og umhverfisvernd. Einnig ræðum við þroskandi klípusögur úr samtalsheftinu AHA.

Fimm af messum vetrarins verða sérstaklega ætlaðar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra.


Fræðsludagur

Fermingarstarfið hefst með skemmtilegum fræðsludögum vikuna áður en skólar hefjast, eða 13.-16 ágúst. Auk fræðslutunda verður námið brotið upp með leikjum og söng. Svo fáum við góða gesti í heimsókn.

Sunnudaginn 18. ágúst kl. 20 bjóðum við fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkominn í skemmtilega messu sem markar upphaf vetrarstarfsins.

Skráning

hefst að kvöldi 22. maí
www.lindakirkja.is
- fermingar - skráning



Lindakirkja

Lindakirkja | Uppsölum 3 | 201. Kópavogur

Sími 544 4477

lindakirkja@lindakirkja.is

www.lindakirkja.is

VETURINN 2019-2020

Fermingar

fræðsla



Lindakirkja

www.lindakirkja.is



Sr. Guðni Már



Sr. Dís



Sr. Guðmundur Karl

Komið þið sæll!

Með þessum bæklingi viljum við auglýsa að senn hefst skráning í fermingarfræðslu í Lindakirkju og fermingar voríð 2020. Fermingarstarfið hefur verið á öflugum nótum undanfarin ár og þannig viljum við hafa það áfram. Sjáumst vonandi sem flest á kynningarfundi í Lindakirkju miðvikudaginn 22. maí kl. 18. Svo allir sitji við sama borð hefst skráning eftir að kynningarfundi lýkur á heimasíðunni lindakirkja.is

Bestu kveðjur,
Prestarnir

Hvað erum við að gera?

Upplýst trú, gagnvirk fræðsla

Markmið okkar með fermingarfræðslunni í Lindakirkju er að veita góða kennslu um kristna trú, svo fermingarbörnin taki upplýsta og heiðarlega ákvörðun um að gera Jesú Krist að leiðtoga og fyrirmynd lífsins. Við tökum spurningum fagnandi, viljum að börnin veiti hlutum upp á sínum forsendum og leitumst við að gera tilvistarspurningarnar áhugaverðar og skemmtilegar. Virðing er borin fyrir öllum skoðunum og ólíkum sjónarhornum. Talsvert verður notast við tölvutæknina í fræðslunni auk skemmtilegra verkefna af ýmsum toga.

Kennslustundir og helgistundir

Við leitumst við að virkja fermingarbörnin á ýmsum sviðum í fræðslunni, til dæmis í söng og óskum eftir að heyrja um ef einhver þeirra spila á hljóðfæri. Í fræðslunni kallast á hefðbundnar kennslustundir og helgistundir, þar sem áhersla er lögð á að kenna biblúsögur, biðja og syngja. Einnig verða unnin skemmtileg hópaverkefni.

Spennandi kirkjustarf

Fermingarbörn í Lindakirkju og fjölskyldur þeirra eru ávallt velkomin í guðsþjónustu. Á veturna er messað á sunnudagskvöldum kl. 20:00. Æskulýðsfélagið Kaktus er einnig í boði en þar er margt brallað. Auk þess er Unglingagospelkór Lindakirkju mjög öflugur og hvetjum við fermingarbörnin sérstaklega til að taka þátt í honum.

Hjálparstarf

Í fermingarfræðslu Lindakirkju tökum við þátt í söfnunarverkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Ferðalag í Vatnaskóg

Einn af hápunktum vetrarins er sólarhrings námskeið í Vatnaskógi. Mörgum hefur þótt það meiriháttar upplifun, enda hefur staðurinn upp á svo ótalmargt að bjóða. Námskeiðsdagarnir í Vatnaskógi verða mið. 2. - fim. 3. okt. fyrir Linda- og Salaskóla og mið. 9. - fim. 10. okt. fyrir Hörðuvalla- og Vatnsendaskóla.



Kynningarfundur

um fermingarfræðsluna í Lindakirkju veturinn 2019-2020 verður haldinn í Lindakirkju miðvikudaginn 22. maí kl.

18. Að fundi loknum verður opnað fyrir skráningu í fermingarfræðslu næsta vetrar á heimasíðunni www.lindakirkja.is

Fermingardagar voríð 2020

Laugard. 21. mars kl. 10:30 og 13:30

Sunnud. 22. mars kl. 13:30

Laugard. 28. mars kl. 10:30 og 13:30

Sunnud. 29. mars kl. 13:30

Laugard. 4. apríl kl. 10:30 og 13:30

Sunnud. 5. apríl kl. 13:30

